

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að settar verði gangbrautarmerkingar, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, á Mýrargötu vestan Seljavegar;
2. að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Reynihlíð 4;
3. að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Stýrimannastíg 7;
4. að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Sólheima 27.  
Bílastæðið er merkt með umferðarmerkinu D01.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
5. að banna stöðu ökutækja við vesturkant Vitastígs frá Bergþórugötu að innkeyrslu inn á lóð Tækniskólans.  
Bannið er táknuð með umferðarmerkinu B21.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 8. mars 2018,*

**Hulda Elsa Björgvinsdóttir**, staðgengill lögreglustjóra.